

From: Guðni Geir Einarsson <gudni.g.einarsson@srn.is>

Sent: þriðjudagur, 28. apríl 2020 15:23

To: Lúðvík Hjalti Jónsson <ludvik@gardabaer.is>; Garðabær <gardabaer@gardabaer.is>;

Subject: Lækkun mánaðarlegra greiðslna vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Bt. framkvæmdastjóra og fjármálastjóra sveitarfélaga

Eins og áður hefur komið fram ríkir mikil óvissa um áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs á árinu 2020 og jafnframt að framkvæma þurfi nýja greiðsluáætlun vegna framlaga ársins þegar forsendur um tekjufall sjóðsins liggja fyrir.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fundaði um stöðu mála 24. apríl sl. og var á fundinum ákveðið í ljósi væntanlegs samdráttar á tekjum sjóðsins að lækka áætlaðar mánaðargreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um 12,5%.

Framlög tengd yfirfærslu fatlaðs fólks og grunnskólans sem byggja á staðgreiðslu útsvars í sjóðinn verða með óbreyttu sniði um þessi mánaðamót. Sá hluti tekna er tilheyrir yfirfærslu fatlaðs fólks og byggir á skatttekjum ríkissjóðs verður enduráætlaður síðar.

Vonir stands til þessa að sjóðnum berist ný spá um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs og útsvarstekjur sveitarfélaga á næstu dögum, en þá fyrst verður unnt að enduráætla framlög ársins.

Ef einhverjar spurningar vakna er ykkur velkomið að hafa samand.

Kær kveðja,
Guðni Geir
s. 898-0225

Guðni Geir Einarsson, sérfræðingur, staðgengill skrifstofustjóra / Special Adviser
Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)